



Borgarráð

***Umsögn vegna tímabundinna áfengisveitingaleyfa vegna Superbowl 2019, Bjarni Fel/Hressó***

Borist hefur umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 9. janúar um tímabundið leyfi til lengri veitingatíma áfengis eða til kl. 05.00, aðfaranótt mánudagsins 4. febrúar nk. vegna veitingastaðarins Bjarni Fel/Hressó Austurstræti 20 vegna beinnar sjónvarpsútsendingar á úrslitaleik Superbowl 2019 í Bandaríkjunum.

Í lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 kemur fram í 18. gr. að sækja þarf um leyfi til sölu og/eða afhendingar áfengisveitinga við einstök tækifæri í atvinnuskyni hvort sem um beina sölu veitinganna er að ræða eða hvers kyns afhendingu þeirra, svo sem í kynningarskyni, á sýningum eða sem lið í hvers konar samkomu- og/eða ráðstefnuhaldi, hvort sem er innan dyra, undir berum himni eða í tjaldi. Slík leyfi verða eingöngu gefin út þegar atburður fer fram á stað sem ekki hefur rekstrarleyfi en þó almennt ekki oftast en tólf sinnum ár hvert vegna sama staðar. Tímabundið leyfi samkvæmt ákvæði þessu verður ekki gefið út til veitingar og/eða sölu áfengisveitinga á stað sem hefur fengið útgefið rekstrarleyfi heldur fara allar áfengisveitingar á slíkum stöðum fram á grundvelli rekstrarleyfisins og á ábyrgð leyfishafa. Rekstrarleyfishafa er heimilt að sækja um leyfi samkvæmt ákvæði þessu sem viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem vegna tímabundins viðbótarafgreiðslutíma áfengisveitinga.

Samkvæmt 6. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs sem byggist á landnotkunarákvæðum í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er óheimilt að veita áfengi lengur en til kl. 01.00, nema aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga. Veitingastaðurinn er staðsettur í miðborg, á svæði þar sem gilda rýmri miðborgarheimildir og má heimila veitingatíma áfengis til 4.30, aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Umsóknin samræmist ekki þeim ákvæðum þar sem sótt er um veitingatíma áfengis til kl. 05.00 aðfaranótt mánudags. Í 4. mgr. 18. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 er rekstrarleyfishafa þó heimilað að sækja um leyfi sem viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem vegna tímabundins viðbótarafgreiðslutíma áfengisveitinga. Verður talið að sá viðburður sem hér er um rætt geti fallið að þeirri heimild, sérstaklega þar sem um er að ræða veitingastað á svæði þar sem gilda rúmar miðborgarheimildir. Óskað var upplýsinga frá lögreglu um það hvort að einhverjar kvartanir hefðu borist vegna fyrri leyfisveitinga fyrir Superbowl, lögregla staðfesti að engar kvartanir hefðu borist.

Í ljósi ofangreinds er lagt til að borgarráð samþykki ekki veitingatíma til 05.00 en samþykki að veita jákvæða umsögn um tímabundið áfengisleyfi með vísan til 4. mgr. 18. gr. l. nr. 85/2007, til kl. 04.30, sami tími og samþykktur var í síðustu umsókn, til Bjarni Fel/Hressó aðfaranótt mánudagsins 4. febrúar nk. Jákvæð umsögn borgarráðs er háð því að aðrar lögbundnar umsagnir séu einnig jákvæðar.

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar

